

## Glussakerfi – uppsetning og viðhald

### Uppsetning kerfis

Passa þarf upp á að snúningsátt dælu og mótors séu í samræmi við merktar snúningsáttir á þeim og að snúningsátt mótors sé í samræmi við byggingu og flæðiferil kerfisins. Ganga þarf úr skugga um að drifásar séu í fullkomnu láréttu og lóðréttu plani hvor við annan. Aðeins skal nota sveigjupolin ástengi sem gefa mýkri yfirfærslu á afli. Betra er að forðast notkun fastsamsettra ástengja sem geta myndað spennu við samsetningu ásanna.

Forðatankurinn þarf að vera nægilega stór og í samræmi við virkni og þarfir kerfisins. Til að koma í veg fyrir yfirhitun á olíunni er æskilegt að tankurinn sé ekki minni að rúmmáli en sem nemur þreföldu rúmtaki olíunnar sem dælt er. Ef hitastig olíunnar fer yfir hitastigið sem framleiðandi hennar mælir með (algennt að það sé um 40°C) er æskilegt að settur sé olúkælir á kerfið.

Inntak í forðatank má aldrei vera það nálægt úrtakinu að olían nái ekki að blandast við þá olíu sem í tanknum er og kælast. Gott er að hafa skilrúm milli inntaks og úrtaks til að tryggja að olían nái þessari blöndun og kælingu.

Nauðsynlegt er að allar lagnir að forðatanki tengist stútum sem liggja undir lágmarksyfirborði olíuforðans í tankinum til að koma í veg fyrir froðumyndun sem verður þegar olía sprautast gegnum loft í tanki.

Sverleiki höfuðlagna þarf að vera í samræmi við virkni og afköst kerfisins í held. Þvermál höfuðlagnar og búnaðar í henni má aldrei vera minna en þvermál inngangs- og útgangsopa dæluunnar sem tengd er kerfinu. Til að koma í veg fyrir smit og leka í kerfinu er nauðsynlegt að vanda vel allar samsetningar og nota aðeins viðeigandi samsetningar og þétti. Til að halda orkutapi í kerfinu í lágmarki er best að allar lagnir séu sem beinastar og stýstar, gott er að hafa í huga að beygjur og lokar valda núningi í kerfinu svo gott er að halda notkun þeirra í lágmarki eftir því sem hægt er.

Til að draga úr titringi, hljóðbylgjum og varmaþenslu í kerfinu er mælt með að nota slöngur á milli einstakra hluta kerfisins.

Áður en ný lögn eða nýtt kerfi er tekið í notkun er gott að tryggja að hún sé eins laus við agnir og óhreinindi og kostur er.

Mælt er með að allt olíuflæði í kerfinu sé keyrt í gegnum síur, fínsíur í þrýstilögn og afrennslissíur í afrennslislögn. Best er að fylgja leiðbeiningum framleiðanda við val á síum.

### Glussi – olía

Notið eingöngu olíur sem standast ISO/DIN staðla með seigjugildi samkvæmt leiðbeiningum dæluframleiðanda. Best er að forðast að blanda saman olíum frá ýmsum framleiðendum þar sem

slíkt getur valdið óæskilegum efnabreytingum eða útfellingum í olíunni. Þetta getur minnkað smureiginleika olíunnar og þar með aukið slit á búnaði og stýtt þannig líftíma hans.

## Ræsing nýs búnaðar eða eftir viðgerðarstopp

Gætið vel að því að allar samsetningar kerfisins séu þéttar og kerfið sé hreint.

Hellið olíunni á forðatankinn og lofttæmið um leið lagnir og síur til að tryggja sem besta áfyllingu.

Stillið þrýstiloka kerfisins á lágmarks þrýsting.

Gangsetjið kerfið og keyrið í stuttan tíma á lágmarks snúningshraða sé þess kostur, lofttæmið síðan kerfið aftur á sömu stöðum og áður og kannið hæð yfirborðs í forðatanki, það getur þurft að bæta á hann.

Mælið hitastig mótors eða dælu og hitastig olíunnar, sé hitamunur meiri en 10°C er æskilegt að stöðva kerfið um stund til að ná fram hitajöfnun, stundum er nauðsynlegt að keyra og stöðva nokkrum sinnum til að ná fullri hitajöfnun. Þegar hitajöfnun er náð er tímabært að auka þrýsting og snúningshraða þar til fullum þrýstingi og magni hefur verið náð.

## Reglulegt eftirlit og viðhald

Nauðsynlegt er að halda kerfinu og ytra umhverfi þess eins hreinu og kostur er og aðgengilegu til eftirlits og viðhalds.

Sérstaklega er nauðsynlegt að verja viðkvæma staði eins og áspétti, síuhús og kælieiningar.

Hreinsiefni ýmiskonar geta verið áspéttum og öðrum þéttingum skaðleg, sérstaklega ef þau innihalda grófefni eða kristallast.

Fylgist vel með síum og skiptið þeim út ef þörf er eða eftir leiðbeiningum framleiðanda.

Fylgist með yfirborðshæð í forðatanki og bætið á olíu eða skiptið henni út ef þörf er.

Viðhaldið þrýsti- og hitamælum þannig að treysta megí á aflestur af þeim og einfalt sé að fylgjast með ástandi kerfisins.